



216. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 24. október 2013 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésón, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðaði: Gunnar Bragason gjaldkeri.

Þetta gerðist:

1. Formannafundur ÍSí

Farið yfir undirbúning Formannafundar ÍSí sem haldinn verður kl. 16:30 þann 29. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fjármálaráðstefna ÍSí verður haldin kl. 13 þann sama dag í fundarsal í Laugardalshöllinni. Garðari Svanssyni falið að kanna hvort að vinnuhópur íþróttahéraða vill standa fyrir óformlegum fundi íþróttahéraða fyrir hádegi þennan dag.

2. Ólympísk verkefni

YOG 2014

Friðrik Einarsson minntist á afrek U15 ára landsliðs drengja í knattspyrnu sem vann sér inn þátttökurétt á Sumarólympíuleika ungmenna í Nanjing árið 2014 með sigri á fjögurra liða úrslitakeppni um eina sæti Evrópu í knattspyrnu á leikunum. Með þeim úrslitum stækkaði til muna hópurinn sem fer á leikana.

Sochi 2014

Fundað verður með Skíðasambandinu á morgun vegna undirbúningsins. Undirbúningur gengur vel.

Rio 2016

Búið er að halda einn fundur með sérsamböndum vegna undirbúnings fyrir Sumarólympíuleikana í Ríó árið 2016.

3. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn skýrði stöðu undirbúnings fyrir leikana. Allar stærstu nefndirnar eru komnar á fullt við undirbúning. Skipulagsnefndin vinnur vel saman og viðræður við borgina ganga ágætlega.

Rætt um stöðu mannvirkja.

4. Skipan vinnuhóps um stefnu ÍSí í íþróttum barna og ungmenna

Samþykkt að skipa eftirtalda í ofangreindan vinnuhóp:

*Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, formaður
Guðbjörg Norðfjörð
Kjartan Freyr Ásmundsson
Þór Björnsson
Þráinn Hafsteinsson
Örn Ólafsson*

5. Málefni Hnefaleikanefndar ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi með forsvarsmönnum Hnefaleikanefndar ÍSÍ um stöðu íþróttarinnar og ýmissa málefna henni tengdum. Fyrirhugað er að halda fræðslufund sem fyrst með öllum félögum þar sem skerptar verða línur varðandi skipulag íþróttahreyfingarinnar og ýmis málefni viðkomandi ólympískum hnefaleikum.

6. Heiðranir

Samþykkt að veita Sigfúsi Helgasyni, fyrrverandi formanni og framkvæmdastjóra Þór á Akureyri, Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Sigfús hefur einnig setið í stjórn Landssambands hestamannafélaga og verið varaformaður ÍBA. Viðar Sigurjónsson mun afhenda merkið á afmælishátíð Hestamannafélagsins Léttis 2. nóvember nk. en Sigfús var formaður félagsins um árabíl.

7. Fundargerðir

Eftirtalдар fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- 215. fundur framkvæmdastjórnar
- 21., 22., 23. og 24. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afrekssvið ÍSÍ, 7. október 2013
- Þróunar- og fræðsluvið frá 23. október 2013
- Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ frá 22. október 2013
- Heilbrigðisráð ÍSÍ frá 21. mars og 19. október 2013
- Fjármálaráð ÍSÍ frá 3. október 2013
- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 24. október 2013. Tillögur sjóðsstjórnar að úthlutunum úr sjóðnum samþykktar.

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 28. nóvember kl. 16:00 og 12. desember kl. 12:00.

10. Önnur mál

Sambandsþing UMFÍ

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri voru viðstaddar setningu þingsins, sem haldið var á Hótel Stykkishólmi 12. október sl.

Farið yfir þær samþykktir þingsins sem hafa með ÍSÍ að gera.

Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Búið er að endurskoða reglugerð sjóðsins og fyrir liggur að endurskipa í sjóðsstjórnina. Samþykkt að skipa eftirtalda í stjórn sjóðsins:
Helga H. Magnúsdóttur sem formann, Elnu Nielsen og Kristínu Rós Hákonardóttur.
Skrifstofu falið að skrifa þakkabréf til fráfarandi sjóðsstjórnar.

Aðalfundur EOC

Aðalfundur EOC fer fram í Róm 22.-23. Nóvember nk. Forseta og framkvæmdastjóra gefin heimild til að fara með atkvæði ÍSÍ á fundinum.

Almannaheill

Lagt fram bréf Almannaheilla þar sem óskað er eftir aðkomu ÍSÍ að samtökunum. Erindinu hafnað.

Lög Skíðasambands Íslands

Teknar fyrir breytingar sem gerðar voru á lögum SKÍ á síðasta ársþingi sambandsins. Lög SKÍ voru staðfest að því undanskildu að eftirfarandi setningu í 6. grein laganna er hafnað:
”Ef fjöldi íþróttafélaga sem stundar skíðaíþróttina innan vébanda aðildarfélagsins er fleiri en fjöldi þingfulltrúa skal aðildarfélag fá viðbótar fulltrúa þannig að öll íþróttafélög eigi fulltrúa á þinginu.”
Setningin er í fyrsta lagi ekki rétt þar sem íþróttafélag getur ekki verið innan vébanda félags. Ef orðinu *aðildarfélag* er breytt í *héraðssamband/íþróttabandalag*, eins talið er að hafi mögulega verið meiningin, þá stenst setningin ekki heldur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari